

**hjálp-a** *so. vb.-a – kalla*  
[-aði]

– geturðu hjálpað mér með þetta?

‡ • hjálp

**líklega** *ao.*

– það er líklega rétt hjá þér

‡ líkliga • líklegur, líkur (no), líkur (lo) »  
sennilega

**annars** *ao.*

– ég þarf að fara annars kem ég  
of seint

‡ • annar, annaðhvort

**hingað** *ao.*

– komdu hingað!

‡

**tilraun** *kvk. – mynd*  
[-ar, -ir]

– aðgerðin heppnaðist í fyrstu  
tilraun

‡ • raun, raunverulegur; reyna, reynsla

**rétt-a** *so. vb.-i – heyra*  
[-i]

– viltu rétta mér saltið?

‡ • réttur (lo), réttur (no) » fá, gefa

**safn-a** *so. vb.-a – kalla*  
[-aði]

– ég er að safna frímerkjum

‡

**vakn-a** *so. vb.-a – kalla*  
[-aði]

– hann á erfitt með að vakna á  
morgnana

‡ • vekja

**stefn-a** *kvk. – stofa*  
[-u, -ur]

– hver er stefna flokksins?

‡ • stefna (so) » átt

**atburð-ur** *kk. – dalur*  
[-ar, -ir]

– þetta er mikilvægur atburður í  
lífi mínu

‡ atburður • bera, samanburður » atriði

**íbúð** *kvk. – mynd*  
[-ar, -ir]

– íbúðin hennar er á jarðhæð

‡ • í, búð; búa, íbúi

**rétt-ur** *kk. – dalur*  
[-ar, -ir]

– þetta er kínverskur réttur  
– ég á rétt á túlki

‡ réttir • rétta, réttur (lo)

**brún-n** *lo. – gulur S*  
[-, -t; -ni, -astur]

– moldin er brún

‡

**merkileg-ur** *lo. – gulur*  
[-, -t; -ri, -astur]

– það er merkilegt hvað systkinin  
eru ólík

‡ merkilegr • merki, merking, merkja, merkur

**dimm-ur** *lo. – gulur*  
[-, -t; -ari, -astur]

– það er orðið dimmt úti

‡ dimmr » dökkur « bjartur, ljós (lo)

**lín-a** *kvk. – stofa*  
[-u, -ur]

– það eru þrjátíu línur á  
blaðsíðunni

‡ • beinlínis